

# LANDSKIPTAGERÐ

## HRÓÐNÝJARSTAÐIR Í DALABYGGÐ (L137568).

Í landskiptagerð þessari hefur bújörðinni Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð verið skipt í tvennt, Hróðnýjarstaði og Hróðnýjarstaði I. Landamerki Hróðnýjarstaða I hafa verið hnitsett í samræmi við fyrirhugaða uppskiptingu jarðarinnar, sjá uppdrátt og töflu hnita hér að neðan.

Sá hluti jarðarinnar sem nú er verið að skipta frá jörðinni er bújarðahluti hennar, þ.e. byggingar og tún, sem fær nafnið Hróðnýjarstaðir I og nýtt landnúmer. Lögbýlisréttur og greiðslumark sauðfjár fylgir Hróðnýjarstöðum I.

Sá hluti jarðarinnar sem eftir verður, að mestu heiðaland og klettur, heldur núverandi nafni, Hróðnýjarstaðir og núverandi landeignarnúmeri (L137568). Sá hluti jarðarinnar verður nýttur fyrir vindlund sem samþykktur hefur verið á aðalskipulagi Dalabyggðar. Hróðnýjarstaðir halda veiðiréttindum enda eru vötn jarðarinnar á þessum hluta landsins.

### AÐKOMA/VEGTENGING:

Aðkoma að Hróðnýjarstöðum og Hróðnýjarstöðum I er óbreitt, þ.e. frá frá þjóðvegi 60 og um veg nr. 587 Hjarðarholtsveg, sjá kort.

### ÞJÓNUSTA/VEITUR

Fyrirkomulag rotþróa, lagna og annarra veitukerfa er óbreitt ásamt viðkomandi veitum, og er í samræmi við reglur og leiðbeiningar sem um slíkar framkvæmdir gilda. Framtíðarbreytingar á veitum munu fylgja reglum og leiðbeiningum sem um slíkar framkvæmdir gilda, þ.m.t. fráveitu, vatnsveitu, og rafveitu. Jörðin er á svokölluðu köldu svæði og nýtur því ekki hitaveitu. Sorphirða á svæðinu er í umsjón sveitarfélagsins og tíðni þeirrar þjónustu í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni. Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs annast brunavarnir á þessu svæði en þangað eru tæpir 10 km.

### LANDAMERKI

Þar sem Hróðnýjarstaðir I eiga land að öðrum jörðum en Hróðnýjarstöðum ræður áin Ljá merkjum. Engin ágreiningur er um merkin og eru þau þinglýst sbr. landamerkjabréf Hróðnýjarstaða frá 1886. Landamerki milli Hróðnýjarstaða I og Hróðnýjarstaða eru að mestu á

núverandi girðingum. Merki fylgja girðingu í kringum húsin í hornstaur í suðaustri og þaðan sjónhending í Ljá. Að vestan liggja merkin austanmegin við veginn.

Myndræna framsetningu á legu landamerkjanna Hróðnýjarstaða I er að finna á meðfylgjandi uppdraetti. Komi upp ósamræmi milli hinnar myndrænu framsetningar og hnita skulu hnitin ávalt ráða.

## HNITSETNING SNERTIR EFTIRFARANDI JARÐIR

- A. Hróðnýjarstaðir (L137568), Dalabyggð
- B. Hróðnýjarstaðir I (nýtt fasteignanúmer vantar), Dalabyggð
- C. Lambastaðir (L137573), Dalabyggð
- D. Goddastaðir (L137560), Dalabyggð
- E. Spágilsstaðir (L137588), Dalabyggð
- F. Vígholtsstaðir (L137591), Dalabyggð

## FRAMKVÆMD HNITSETNINGAR

Hnitakerfi: Landshnitakerfi, viðmiðun ISN2016 LCC

Aðferð og uppruni:

1. Gengið var að landamerki og hnit skráð með Trimble R8s með stökk TSC3. Tækið notaði leiðréttingu í gegnum VRS-kerfi Ísmars. Tækið var stillt á ISN93 LCC (punktar 1 – 9, og 14).
2. Notast var við kort Loftmynda á vef Landmælinga Íslands með 50 m. greiningarhæfni, byggt á loftmyndum teknum árið 2017 (punktar 10 - 12).
3. Cododati breytisíða Landmælinga Íslands notuð til að breyta LCC ISN93 hnitum í ISN2016 LCC og Lat-long.

## SKÝRINGAR

Bókstafurinn L í töflu merkir jarðir sem land eiga að landamerkjapunkti.

Nr	L	Landamerki	E	N	Lat	Long	Uppruni
1	AB	T1	2575840	321351	65°10'05.43"	21°38'58.30"	Trimble
2	AB	T2	2575965	321432	65°10'08.21"	21°38'48.99"	Trimble
3	AB	T3	2576145	321356	65°10'09.15"	21°38'40.97"	Trimble
4	AB	T4	2576094	321391	65°10'07.07"	21°38'38.91"	Trimble
5	AB	T5	2576084	321452	65°10'06.01"	21°38'34.93"	Trimble
6	AB	T6	2576104	321345	65°10'05.59"	21°38'37.96"	Trimble
7	AB	T7	2576156	321098	65°09'57.72"	21°38'33.20"	Trimble
8	AB	T8	2576410	320946	65°09'53.13"	21°38'13.26"	Trimble
9	ABC	T9	2576513	320207	65°09'29.42"	21°38'02.99"	Trimble
10	BCDEF	<i>Mörk fylgja Ljá</i>			-	-	-
11	BF	T10	2575264	320054	65°09'22.69"	21°39'38.12"	Kort Loftmynda
12	AB	T11	2575707	320614	65°09'41.27"	21°39'6.80"	Kort Loftmynda
13	AB	T12	2575786	321222	65°10'1.09"	21°39'2.26"	Kort Loftmynda
14	AB	T13	2575800	321246	65°10'01.98"	21°39'01.03"	Trimble

# LANDAMERKI HRÓÐNÝJARSTAÐA I, DALABYGGÐ

